

## 47. gr.

Um skaðabótaskyldu vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar, tækjum og útbúnaði, fer eftir almennum reglum.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur má ákveða þær af tveimur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því er matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af þremur óvilhöllum dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, sem krafðist yfirmats, ef það gengur ekki honum í vil. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

## 48. gr.

Engum, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, heimilast að fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, sem hafnarstjóri tekur gilda.

## 49. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt þessari reglugerð heimilast að gefa forráðamönnum skips, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki á skipi, og eigi heldur umboðsmaður hans, skv. 10. gr. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina og er það jafngilt því sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

## 50. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggji við samkvæmt almennum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð.

## 51. gr.

Með mál út af reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Blönduós, nr. 150 31. júlí 1951, með áorðnum breytingum.

*Samgönguráðuneytið, 12. ágúst 1970.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Kristinn Gunnarsson.*

**REGLUGERÐ**

**um breyting á reglugerð nr. 245 31. desember 1963,  
um tekjuskatt og eignarskatt.**

## 1. gr.

Á eftir fjórða tölulið B-liðs í 34. gr. reglugerðarinnar komi nýr töluliður svo hljóðandi:

Í skuldabréfum stofnlánasjóða atvinnuveganna, fjárfestingarstofnana eða annarra lánastofnana en þeirra, sem áður er getið. Enn fremur í hlutabréfum, en þó má aldrei verja meiru en 10% af árlegu ráðstöfundarfé lífeyrissjóða til hlutabréfakaupa.

## 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í lögum nr. 90 7. október 1965, öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaráðuneytið, 7. ágúst 1970.*

**Magnús Jónsson.**

*Jón Sigurðsson.*

## REGLUGERÐ

### um heilbrigðisskoðun á sláturafurðum.

#### I. KAFLI

##### Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

1. Heilbrigðisskoðun á sláturafurðum, sem ætlaðar eru til sölu og neyzlu, skal framkvæma af dýralæknum eftir því sem aðstæður leyfa, sbr. 8. gr. laga nr. 31 5. maí 1970, um dýralækna og 5. gr. og 7. gr. laga nr. 30 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

2. Þeir, sem framkvæma heilbrigðisskoðun á sláturafurðum, verða að hafa góða sjón og mega ekki vera haldnir smitandi berklum.

3. Tríkinuskoðun skal eingöngu framkvæmd af dýralæknum eða undir umsjón og ábyrgð þeirra af sérþjálfuðum mönnum. Yfirdýralæknir segir fyrir um, hvar tríkinuskoðun skuli framkvæmd og á hvaða dýrum.

4. Ef nauðsynlegt er að fá úr því skorið með sýklarannsókn, hvort sláturafurðir eru hæfar til manneldis, skal senda sýni af gripnum til rannsóknar að Tilraunastöð háskólans í meinafræði, sem framkvæmir hana gegn hæfilegri þóknun.

5. Skylt er dýralæknum, læknum og öðrum, sem starfa að heilbrigðisskoðun sláturafurða að hlíta þeim reglum, sem hér eru settar.

#### Skoðun á lifandi sláturgripum.

##### 2. gr.

Aðalmarkmið heilbrigðisskoðunar á sláturgripum er að verja heilbrigði neytenda gegn þeim margvíslegu hættum, sem neyzla kjöts getur haft í för með sér og girða fyrir að til neytenda berist óhreinar, mengaðar eða ógeðfelldar afurðir, skemmdar eða með annarlegu bragði eða útliti. Til að tryggja þetta sem best er ekki nóg að skoða kjöt og innyfli að lokinni slátrun, heldur þarf einnig að skoða sláturgripi á fæti.

1. Við skoðun gripa á fæti verður kjötskoðunarlæknir að leitast við að gera sér sem gleggsta grein fyrir heilsufari skepnanna og öðru, sem haft getur þýðingu fyrir kjötskoðunina, en einkum skal beina athygli að því, hvort um smit- eða septiska sjúkdóma eða eitranir geti verið að ræða.

2. Til að geta myndað sér skoðun um heilsufar sláturpenings skal kjötskoðunarlæknir athuga:

- Holdafar og háralag.
- Augnaráð, yfirbragð og andardrátt.
- Hreyfingar, limaburð, liðamót, eitla, júgur og naflastæði á ungviði.
- Hvort um sé að ræða rennsli úr munn, nös, eða skeið eða merki um skitu.
- Hvort merki séu um útbrot, áverka, sár, mar, brákur eða beinbrot.